

Alþingi
Erindi nr. P 130/1798
komudagur 15.4.2004



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

14. apríl 2004

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 – athugasemdir og ábendingar Hitaveitu Suðurnesja hf (HS).

Í þessum athugasemdum og ábendingum er í meginatriðum vísað til meðfylgjandi bókunar og minnisblaðs undirritaðs frá 25. febrúar s.l., sem lagt var fram sem minnihlutaálit í 19 manna nefnd um fyrirkomulag flutnings raforku. Því til viðbótar er hér á eftir síðan farið yfir einstakar greinar frumvarpsins.

Í upphafi er þó lagt til, að verði þetta frumvarp í meginatriðum að lögum, þá verði í frumvarpið bætt grein sem fjalli um breytingu á 1. gr. laganna nr. 65/2003. Í 2. tölulið 1. gr. laganna segir eftirfarandi um markmið laganna: “Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku”. Í ljósi þess, að þetta eru augljóslega ekki raunveruleg markmið laganna, og að Alþingi vill væntanlega “hafa það sem sannara reynist”, þá er lagt til að málsgreinin verði felld út og í hennar stað komi t.d. svohljóðandi málsgrein: “stuðla að sama raforkuverði í öllu landinu”. Með þessari breytingu væru lögin laus við þann tvískinnung sem í þeim felst nú þar sem þau hafa ekkert með skilvirkni og hagkvæmni að gera !

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:



1. gr.

Í a. lið segir m.a. “, þó ekki lengra en að mörkum þéttbýlis”. Þetta er afskaplega loðið orðalag og óskilgreint og stenst alls ekki skoðun, þegar litið er til upptalningar afhendingarstaða í 13. gr. Greininni er greinilega ætlað að mismuna orkufyrirtækjum og er afskaplega váfasöm eins og hún er fram sett.

2. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

3. gr.

Við höfum efasemdir um að raunhæft sé að festa stærð virkjana, sem tengjast verða flutningskerfinu í stað dreifikerfisins, við ákveðin MW, heldur geti þurft að taka tillit til aðstæðna. Þetta er þó tiltölulega léttvægt atriði.

4. gr.

HS hefur ekki breytt þeirri skoðun sinni, að stofnun sérstaks fyrirtækis um raforkuflutning sé óþörf og leiði bæði til óhagkvæmni og óhagræðis. Yfirstandi viðræður fyrirtækisins um flutning raforku til Norðuráls, þar sem viðsemjandi byggir á þessari forsendu, hafa mjög styrkt þá skoðun fyrirtækisins. HS telur hinsvegar að verði af stofnun slíks félags þá skuli það vera hlutafélag.

5. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

6. gr.

Ítrekuð eru andmæli við þessari óþörfu beinu og óbeinu eignaupptöku sem þarna er gert ráð fyrir því fullkomlega er nægilegt að kerfisstjóri stjórnri flutningi um línur, en eignar- eða leiguhald óþarft með öllu. Tilgangurinn er greinilega eingöngu ódulin verðjöfnun, sem HS mótmælir harðlega. Auðvelt á að vera að taka tillit til séreigna við gerð gjaldskrár, sem þá Orkustofnun yfirfæri og staðfesti.

7. gr.

Fyrst er sett fram sú almenna athugasemd, að allt bendir til að allt of lítið tillit verði tekið til hagkvæmrar staðsetningar virkjana samkvæmt þessum nýju lögum. Þá eru þarna afskaplega “opin” ákvæði um hagræðingarkröfu, þó ljóst sé að erfitt er á þessu stigi að útfæra það

nákvæmlega (sama gildir um dreifiveitur). Ekkert kemur fram um hvernig gjaldskrá fyrir flutning skuli uppbyggð, svo sem hvert vægi afls og orku muni verða, en það er mjög mikilsvert atriði fyrir flestar veitur. Verði gjaldskráin t.d. byggð 80% á afli, eins og boðað hefur verið af flutningsviði Landsvirkjunar, þá er vandséð annað en að tímabundnar atvinnugreinar, eins og t.d. loðnufysting og loðnubræðsla að hluta, færist yfir á díselframleiðslu. Þá kemur niðurfelling sammælingar afls í flutningi til að valda umtalsverðum kostnaðarauka hjá sumum fyrirtækjunum (hæsti toppur Svartsengi, Fitjum, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum þá greiddir sérstaklega hver fyrir sig en ekki sammældir?).

Um m.a. “afskriftir af nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins” verður rætt í athugasemdum við 12. gr. c. (XI).

Vara verður við “bókstafs” túlkun ákvæðis um gjald í samræmi við afhendingarspennu. Má þar t.d. benda á orku, sem afhent er beint frá orkuverinu í Svartsengi til Grindavíkur á 33 kV spennu (31,6 GWh forgangorka og 23,4 GWh ótryggð orka 2003). Þessi orka er afhent flutningskerfinu gjörsamlega að kostnaðarlausu og hlýtur að njóta bestu kjara, eigi einhver vottur af kostnaðarvitund að vera í þessu kerfi.

8. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

9. gr.

Ljóst er að ákvæði um “sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði” eru ekki almenn þar sem þau eru þannig úr garði gerð, að þau eiga einungis við ríkisfyrirtækin Rarik og Orkubú Vestfjarða og þá eðlilegra að það komi beint fram.

Þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við dreifingu í dreifbýli verði tilefni sérstakrar skattlagningar á landsmenn, þá hlýtur sú krafa að vera gerð, að allar forsendur útreikninga verði öllum aðgengilegar og að tekið verði fullt tillit til þess að skattgreiðendur hafa þegar greitt a.m.k. hluta eignanna með sköttum sínum.

10. gr.

Mótmælt er harðlega áframhaldandi verðstöðvun á raforku, án tillits til fyrirliggjandi arðsemi raforkusölu og dreifingar eða samanburði við gjaldskrá annarra orkufyrirtækja. Vandséð er af hverju lögfesta þarf að Hitaveita Suðurnesja hf t.d. verði að selja raforku mun lægra verði í 18 mánuði en önnur raforkufyrirtæki, þó ákvörðun um það hafi verið tekin í

tiltölulega frjálsum umhverfi á sínum tíma. Með því er verið að lögbinda skýldu til tapreksturs og vandséðar forsendur fyrir slíkum lögum og réttmæti þeirra. Það er einnig ljóst af reynslunni, að Orkustofnun hefur við túlkun laganna ákveðið að beita stöngustu bókstafstrú og m.a. þess vegna nauðsynlegt að rýmka umtalsvert þetta lagaákvæði.

11. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

12. gr. a. (IX.)

Í a. lið segir að helminga beri í upphafþá arðsemi/vexti sem tilteknir eru í 12. og 17. gr. HS telur þetta ákvæði óþarft, enda verði tryggt að í flutningskerfinu verði eignir metnar útfrá raunverulegu virði (tekjustreymi) en ekki eingöngu endurstofnvirði o.s.fr. Sú arðsemi/vextir, sem kveðið er á um í 12. gr. og 17. gr., eru að mati HS lágmarks arðsemi/vextir og á alls ekki að lækka til þess eins að skapa svigrúm til að meta verðlitlar eða verðlausar eignir fullu verði inn í flutningskerfið. Fyrirtækin verða síðan að ákveða, hvert fyrir sig, hvort þau beita aðlögun að arðsemis/vaxtakröfu, en þau þurfa þá að geta treyst því að í millitíðinni verði ekki sett ný lagaákvæði, samanber 10. gr. þessara laga.

Í lok greinarinnar kemur fram, að stefnt sé að því að hagræðing geti komið í veg fyrir gjaldskrárhækkun vegna hækkunar arðsemisviðmiða. Þessi setning lýsir eingöngu blindri óskhyggju og mat HS er það, að takist með hagræðingu að koma í veg fyrir umtalsverðar gjaldskrárhækkanir vegna margvíslegs kostnaðarauka í eftirliti, mælingum, notendaskiptum o.s.fr., sem sannarlega fylgir þessum nýju raforkulögum, þá hafa raforkuiðnaðurinn staðið sig mjög vel. Hjá HS t.d. nema orkukaup og afskriftir um 80% raforkusölnunnar og nokkuð ljóst, að hagræðing í þeim 20% sem svara til daglegs reksturs duga skammt til að vega móti umtalsverðum kostnaðarauka.

12. gr. b. (X.)

HS ítrekar enn þá skoðun sína, að stofnun sérstaks fyrirtækis um raforkuflutning sé óþörf og valdi bæði óhagkvæmni og óhagræði. Yfirstandi viðræður fyrirtækisins um flutning raforku til Norðurláls, þar sem viðsemjandi byggir á þeirri forsendu, hafa mjög styrkt þá skoðun fyrirtækisins.

12. gr. c. (XI)

HS leggur mikla áherslu á að við mat á verðmæti flutningsvirkja verði meginatriðum miðað við tekjumyndun þeirra og “endurstofnverð að teknu tilliti til framreiknaðra afskrifta” verði ekki ráðandi atriði við matið. Lögð er áhersla á að 2. málsgrein verði breytt til að endurspegla þetta áhersluatriði. Þá er ljóst að tímaramminn til mats eignanna (1. ágúst 2004) er afskaplega þröngur og miðað við erfiðann árstíma (sumarleyfi o.fl.) eru þau tímamörk vart raunhæf. Nefndarmenn hafa þá mjög takmarkaða möguleika á sjálfstæðri gagnaöflun og mati og verða því væntanlega að byggja á “mötun” viðkomandi aðila.



12. gr. d. (XII)

Vandséð er hvaða tilgangi greinin þjónar.

12. gr. e. (XII)


Engar sérstakar athugasemdir en það er skoðun HS að ólíklegt sé að lögin í framlagðri mynd geti staðið til ársloka 2010, til þess eru vankantar þeirra allt of miklir.

13. gr.

Grundvallarskoðun HS er sú, að afhendingarstaðir í viðaukanum séu allt of margir og kerfið of víðfemt, enda forsendan verðjöfnun á kostnað skilvirkni og hagkvæmni. Þrátt fyrir að þeir séu að mati HS allt of margir verður ekki hjá komist, að öðru óbreyttu, að gera þá grundvallarkröfu að við afhendingarstaði verði bætt aðveitustöðinni á Öldugötu í Hafnarfirði, en hún er tengd Hamranesi með 132 kV línu/streng og í aðveitustöðinni er raforkan spennt niður úr 132 kV í 11 kV. Það er með öllu órökrétt að þessi 3,7 km lína/strengur og 132 kV aðveitustöð verði skilgreind sem dreifikerfi, þegar almenna viðmiðunin er 66 kV og víða farið niður í 33 kV. Um ákvæði a. liðar 1. gr. frumvarpsins (“þó ekki lengra en að mörkum þéttbýlis”) þarf ekki að ræða, við skoðun á afhendingarstöðum í 13. gr. frumvarpsins má ljóst vera, að sú regla eða viðmiðun er þverbrotin í frumvarpinu sjálfu.


Lokaorð.

Undirritaður hefur lýst þeirri skoðun sinni, að þegar upp verði staðið leiði þær breytingar sem leiða af lögum nr. 65/2003, að teknu tilliti til þessa umrædda frumvarps, til um eða yfir 20% hækkunar þorra viðskiptavina fyrirtækisins og þá um 10% hækkunar í Vestmannaeyjum, en á orkuveitusvæði fyrirtækisins eru um 46.000 íbúar. Meðfylgjandi eru ákveðin efnisatriði sem snerta þetta mál, sem undirritaður kynnti á aðalfundi fyrirtækisins þann 26. mars s.l. sem rök fyrir þessu álitu. Það er

Því lögð áhersla á að Alþingi skoði þetta mál í heild sinni, áður en lokaskrefið er tekið á þeirri braut sem þetta mál hefur því miður verið að
þróast á um all langt skeið. 

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf



Júlíus Jónsson
forstjóri